



Erindisbréf fyrir skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings

1. gr.

Markmið

Stjórnskipulag Norðurþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 670/2022, gildandi skipurit og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna, nefnda og embættismanna í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

2. gr.

Um hlutverk ráðsins

Skipulags- og framkvæmdaráð er eitt þriggja fagráða Norðurþings og annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði byggingar, umhverfis- og framkvæmdamála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skipulags- og framkvæmdaráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Norðurþings.

3. gr.

Helstu hlutverk skipulags- og framkvæmdaráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum, umhverfis- og loftslagsmálum, á sviði málefna dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, í fasteignastjórnun og hafa eftirlit með að stefna sveitarfélagsins á hverjum tíma sé haldin, samgöngumál og umferðaröryggi skv. Umferðarlögum nr. 77/2019
- hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og gerir tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim
- að gera tillögur um reglur og gjaldskrár sem heyra undir ráðið, gatnagerða- og þjónustugjöld og um úthlutun lóða
- að gera tillögu til sveitarstjórnar um úthluta á lóðum til byggingar íbúða og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu
- að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar á sviði ráðsins
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur
- ráðið tilnefnir tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í skipulags-, byggingar-, umhverfis- og framkvæmdamálum
- önnur verkefni til samræmis við 53. gr samþykktar um stjórn og fundarsköp

4. gr.

Meðal verkefna skipulags- og framkvæmdaráðs er:

- að stuðla að því að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar
- að vinna að endurvinnslu og förgun úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs
- að bera ábyrgð á að gerð skipulagstillagna í samræmi við skipulagslög,
- að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins,
- að gera tillögur um nýframkvæmdir sveitarfélagsins og viðhald fasteigna sveitarfélagsins
- að fjalla um rekstur og verkefni þjónustumiðstöðva, svo sem viðhaldsáætlanir, verkáætlanir, snjóhreinsun og hálfuvarnir, viðhaldsverkefni gatna og stíga, hreinsun opinna svæða og gatnalýsingu
- að veita sveitarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins
- að gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds
- að vera ráðgefandi vegna óbyggðamála og mála er varða hagsmuni íbúa dreifbýlisins vegna verndarsvæða norðan Vatnajökuls og Vatnajökulspjóðgarðs
- að fara með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum
- að hafa umsjón með skipulagi og almenntri fegrun opinna svæða í sveitarfélaginu
- að hafa eftirlit með almenntri umhirðu og sorphirðu í sveitarfélaginu
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma
- að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja

5. gr.

Um skipan ráðsins

Skipulags- og framkvæmdaráð er skipað fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af sveitarstjórn. Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í skipulags- og framkvæmdaráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil þess er það sama og sveitarstjórnar. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við sviðsstjóra. Ritari skipulags- og framkvæmdasviðs sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

6. gr.

Málsmeðferð

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurþings, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Norðurþingi og góða stjórnsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn og Norðurþings og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 22/2013.

Fundir skipulags- og framkvæmdaráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í skipulags- og framkvæmdaráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi samþykktir um stjórn og fundarsköp Norðurþings. Óski fulltrúi ráðsins eftir að



taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni og sviðsstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirsögn fyrir kl. 16:00 daginn fyrir boðun fundar. Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu eigi sjaldnar en tvisvar sinnum í mánuði í samræmi við fundadagatal Norðurlings, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til aukafundar ef formaður eða meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.

7. gr.

Um fullnaðarafgreiðslu og fjárheimildir

Skipulags- og framkvæmdaráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í skipulags- og framkvæmdaráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

Skipulags- og framkvæmdaráð hefur heimild til að samþykka og kynna skipulagslýsingu og skipulagstillögu auk fullnaðarafgreiðslu tiltekinna verkefna skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við *samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurlings*.

Byggðarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Skipulags- og framkvæmdaráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Sviðstjóri leggur fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

8. gr.

Hlutverk starfsfólks

Sviðsstjóri og skipulagsfulltrúi sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Formaður ráðsins ákveður með hliðsjón af dagskrá fundar hvort allir starfsmenn ráðsins sitji fund. Starfsmenn eru ráðgjafar sviðsins, undirbúa fundi í samstarfi við formann og framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur fengið þær til kynningar, sjá þó ákvarðanir sem ráðinu er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar.

Ritari skipulags- og framkvæmdaráðs sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi, nema ráðið ákveði annað.

Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu Norðurlings.

Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði skipulags- og framkvæmdaráðs skulu kynnt á næsta fundi ráðsins.

9. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa í skipulags- og framkvæmdaráði

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar málefni þeim tengd eru til umfjöllunar, skal formaður gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt. Seturéttur fulltrúa afmarkast við umfjöllun ráðsins um þau málefni sem fulltrúi er skipaður til að fjalla um. Að umfjöllun lokinni skulu fulltrúar víkja af fundi.

Fulltrúi í skipulags- og framkvæmdaráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna



samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum skipulags- og framkvæmdaráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi vegna vanhæfis sbr. 17. gr samþykktu um stjórn og fundarsköp Norðurþings.

Þóknanir fyrir setu í skipulags- og framkvæmdaráði eru ákvarðaðar í samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Norðurþingi og fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er greidd þóknun til fulltrúa með seturétt.

10. gr.

Gildistaka.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. *samþykktar um stjórn og fundarsköp* Norðurþings nr. 670/2022.

Samþykkt á 152. fundi skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings þann 04.04.2023.

Staðfest á 133. fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 13.04.2023

